**Nd. 126. Frumvarp til laga [70. mál]**

um breyting á lögum nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stað „10 ár" í 3. tölulið 3. gr. laganna komi: 20 ár.

2. gr.

2. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Upphæð lánanna má vera allt að 60% kostnaðarverðs. Njóti framkvæmdin framlags samkv. jarðræktarlögum, lækkar lánsupphæðin sem svarar framlaginu. Við það er miðað, að kostnaðarverð framkvæmdanna sé að dómi sjóðsstjórnarinnar ekki hærra en eðlilegt má teljast samkvæmt verðlagi á hverjum tíma. Skulu framkvæmdirnar metnar á kostnað lántakanda, svo sem nánar verður fyrir mælt í reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.